

Ávarp forseta vegna ársskýrslu 2003

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, hefur lokið við að kynna Skýrslu forseta fyrir árið 2003. Í máli hans kom að vinnan í velferðarmálanum hefði verið fyrirferðarmest á árinu. Ræða Grétars er hér í heild.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2003
Skýrsla Grétars Þorsteinssonar, forseta ASÍ

Fundarstjóri - félagar

Skýrslan sem hér liggur fyrir er skýrsla um störf Alþýðusambands Íslands frá því á síðasta ársfundi og til dagsins í dag.

Við höfum ekki tækifæri til að fara yfir öllu þau verkefni og viðfangsefni sem fjallað er um í skýrslunni. Í því sambandi verð ég einfaldlega að vísa til skýrslunnar sjálfar sem hér liggur frammi. Ég tel þó rétt að reifa nokkur atriði í starfinu á árinu.

Áður en ég geri það, ætla ég þó að vekja athygli á riti sem liggur á borðum ykkar og heitir Árið í hnotskurn. Það hefur oft verið haft á orði að skýrsla forseta eins og hún hefur þróast sé þung og viðamikil og að hún sé ekki eitthvað sem maður hefur á náttborðinu til að lesa fyrir svefninn. Það er miklu frekar svo að hún hafi nýst sem uppflettirit, varðandi hvað var gert og sagt, hvenær og af hvaða tilefni.

Því hefur stundum verið haldið fram að formið á skýrslu forseta eins og hún hefur birst okkur sé barn síns tíma. Það þurfi að færa hana til nútímans – “poppa hana upp” - eins og stundum er sagt. Ég fyrir mitt leyti hef haft á þessu fyrirvara. Ég geri mér grein fyrir því að skýrsla forseta í hefðbundnu formi er tæpast skemmtilestur, en hún er ómetanleg heimild um það sem við höfum gert. Ég nota hana mikið sjálfur til að fletta upp í og veit um fjölda fólks sem notar hana þannig. Og ég þarf varla að fara mörgum orðum um hvaða gildi hún hefur fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar.

Ef við ætluðum að útbúa skýrslu forseta sem yrði aðgengilegri og fljótlesin var því ljóst að ýmsu yrði að fórnna. Það yrði aldrei hægt að koma öllu til skila á skilmerkilegan hátt. Í stað þess að gera hér upp á milli, ákváðum við einfaldlega að gera hvort tveggja – gefa út skýrslu forseta með hefðbundnu sniði og gefa jafnframt út stutt ágríp.

Með því að hin eiginlega skýrsla forseta er til staðar, gátum við í rauninni gengið mun lengra í ágrípinu heldur en ef við hefðum ætlað að láta þá útgáfu koma í stað skýrslu forseta. Þá hefðum við þurft að fara einhvern milliveg og líklega tapað miklu af eiginleikum skýrslunnar, án þess að ná því léttu yfirbragði sem ég vona að okkur hafi tekist að kalla fram með - Árinu í hnotskurn -. Það er meiningin að þessi útgáfa fái mun víðtækari drefingu en skýrsla forseta.

Víkjum þá aftur að skýrslunni sjálfri og árinu sem er að líða. Eins og flestir muna, þá var mikið fjallað um velferðarmálin hér á síðasta ársfundi. Upphafið að þessari vinnu má reyndar rekja lengra aftur, því þingið 2000 ákvað að vinna að skilgreiningu á velferðarkerfi framtíðarinnar og í mars 2001 var haldin vel heppnuð upphafsráðstefna þessa verkefnis.

Í framhaldinu var ýmis konar greiningarvinna unnin á vegum velferðarnefndarinnar. Haustið 2002 efndum við til víðtæks samráðs þar sem fjölmargir aðilar, sérfræðingar og fulltrúar almannaheillasamtaka tóku þátt.

Út úr því ferli urðu drög að stöðumati sem voru lögð fyrir síðasta ársfu nd. Þar voru síðan teknar ákvarðanir

um það eftir hvaða farvegi við vildum sjá þau mál renna.

Eftir ársfundinn tókum við aftur upp þráðinn við samráðshópinn og unnum eftir þeim línunum sem þar voru lagðar.

Þó svo við berum auðvitað sjálf ábyrgð á þeirri niðurstöðu sem síðan var kynnt, er það ljóst í mínum huga að með þessu umfangsmikla samráði tókst okkur að fá fram upplýsingar og sjónarhorn sem ég er ekki viss um að ella hefði tekist.

Settir voru á fót fjórir vinnuhópar, með þátttöku ofangreindra aðila. Einn fjallaði um fátækt, annar um tryggingamál, sá þriðji um heilbrigðismál og fjórði hópurinn fjallaði um húsnæðismál.

Hóparnir funduðu þónokkuð stíft og hver um sig skilaði greinargerð til velferðarnefndar, sem síðan vann úr þeim heildstætt plagg. Það var kynnt á ráðstefnu í Salnum í Kópavogi þann 19. mars síðastliðinn.

Þar voru kynntar niðurstöður velferðarnefndarinnar undir yfirskriftinni - Velferð fyrir alla -. Tillögurnar voru jafnframt kynntar í fylgiriti sem var dreift með Morgunblaðinu þennan sama dag.

Þar sem þetta var í aðdraganda Alþingiskosninga og við vildum fá fram viðbrögð stjórnmaflokka við tillögunum fyrir þær, efndum við til málþings með forystumönnum stjórnmaflokka á Grand Hótelu 2. apríl. Þar kynntu forystumennirnir afstöðu flokka sinna og tóku þátt í pallborðsumræðum að því loknu.

Fram kom, að tillögurnar féllu í góðan jarðveg, þó menn hefðu mismunandi sýn á ýmis atriði. Ég held að ég leyfi mér að fullyrða að þessar tillögur höfðu nokkur áhrif á umræðuna fyrir kosningarnar og þær beindu ef til vill sjónum flokka að tilteknum viðfangsefnum.

Annað viðfangsefni sem hefur farið sífellt meira fyrir á okkar vettvangi á undanförunum mánuðum er í eðlilegu og beinu framhaldi af tillögugerðinni í velferðarmálunum, þ.e. atvinnu- og byggðamál. Síðasti ársfundur gaf okkur það í vegarnesti að setja af stað vinnu í þeim málaflokki.

Í desember á síðasta ári sendi hagdeild Alþýðusambandsins frá sér greiningu á atvinnuleysi, þar sem fram kom að það hefði aukist – ekki síst langtímaatvinnuleysi, en þar erum við að tala um þá sem hafa verið án vinnu í hálf t. ár eða lengur.

Í febrúar sendi hagdeildin enn frá sér greiningu á efnahagsþróuninni og afleiðingum of mikillar hækkunar krónunnar gagnvart atvinnustiginu. Vissulega væri ávinningur að því fyrir launafólk að verð á innfluttum vörum lækkaði, en það væri skammvinnnt ef því fylgdi atvinnuleysi fjölda manna.

Í framhaldi af þessu ályktaði miðstjórnin um atvinnumál. Þar er lýst þungum áhyggjum vegna ástandsins í atvinnumálum. Alls væru um 6000 manna án atvinnu og ástandið hefði ekki verið verra síðan 1998. Hvatt var til þess að mannaflsfrekum aðgerðum yrði flýtt og jafnframt lögð mikil áhersla á að Seðlabandinn lækkaði stýrivexti sína.

Þessu til viðbótar var lögð áhersla að að gripið yrði til ýmissa aðgerða sem styrkt gætu stöðu þeirra sem væru atvinnulausir. Þar var t.d. lagt til að bætur til atvinnulausra yrðu hækkaðar í 93.000, til að veða upp skerðingu á bótunum undanfarin ár. Auk þess var hvatt til þess að starfs- og endurmenntunartilboð til atvinnulausra yrðu bætt og styrkt.

Þann 26. mars stóð atvinnumálanefndin fyrir fundi um málefni atvinnulausra. Markmiðið með þeim fundi var að efla umræðu á vettvangi ASÍ um stöðu atvinnulausra og með hvaða hætti væri unnt að

aðstoða atvinnulausa einstaklinga til lengri eða skemmri tíma.

Á fundinum voru lagðar fram tillögur frá nefndinni sem fólu meðal annars í sér að bætur yrðu hækkaðar í samræmi við það sem áður er nefnt, að skráningarkerfi og umsýsla skráningarstaða og svæðisvinnumiðlana verði einfaldað og gert skilvirkara, að aukin áhersla verði lögð á ráðgjöf, menntun og aðstoð, auk virkrar atvinnuleitar.

Að lokum var hvatt til þess að löggjöf um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir verði endurskoðuð og að lög verði sett um einkareknar vinnumiðlanir.

Þann 30. september síðastliðinn gekkst Alþýðusamband Íslands síðan fyrir ráðstefnu undir yfirskriftinni Atvinna fyrir alla á Grand Hótelu í Reykjavík. Þar var fja llað um það hvernig líklegt mætti telja að efnahagsmálin þróuðust að loknum stjóriðjuframkvæmdum. Fulltrúi frá Evrópusambandinu sagði frá því hvað væri í gangi á vegum Evrópusambandsins að því er varðar samþættingu efnahags-, atvinnu- og félagsmála. Þessu til viðbótar var fjallað um almennar og sértækar lausnir í atvinnumálum og hlutverk þekkingar í nýsköpun í atvinnulífinu.

Ráðstefnan var vel heppnuð og fyrirlestrarnir og ýmis gögn sem tengjast þessari vinnu er að finna í hefti sem liggur hér á borðum á rsfundarfulltrúa. Það er von okkar að þetta efni komi að gagni í þeirri umræðu sem fer í hönd hér á ársfundinum og í kjölfar hans.

Efnahagsmálin hafa verið til umfjöllunar á okkar vettvangi af og til allt árið. Nýlega var fjárlagafrumvarp fyrir árið 2004 lagt fram. Í setningarræðu minni vék ég að þeim áformum að skerða atvinnuleysisbætur. Það er fleira í frumvarpinu sem okkur hugnast ekki. Ég vil þar nefna skerðingu á vaxtabótum, auknar álögur á bensín og olíu, áform um að falla frá mótframlaginu vegna viðbótarlífeyrissparnaðar og fleira í þeim dúr.

Allt ber þetta að sama brunni. Hér er um að ræða aðgerðir sem bitna á launafólki – ekki síst þeim sem hafa minnst á milli handanna. Til að bíta höfuðið af skömminni og kóróna yfirbragðið, ætla menn að lækka hátekjuskattinn.

Ýmislegt fleira höfum við fengist við frá síðasta ársfundi. Þar gerðum við ýmsar breytingar á skipulagi menntamála hjá okkur, breytingar sem við höfum síðan verið að hrinda í framkvæmd og reynsla er að koma á.

Raunar eru fræðslu- og menntamálin fyrirferðarmikil hér á fundinum, því í tengslum við hann er kynning ýmissa fræðsluáðila á þeirri starfsemi sem þeir bjóða upp á.

Efnahags- og verðlagsmálin setja eðlilega talsverðan svip á skýrslu forseta. Þar er að finna ítarlega umfjöllun um þróunina á tímabilinu, auk frásagnar af þróuninni í kjaramálum og af verðlagseftirlitinu. Þar vil ég sérstaklega benda á samkomulag sem gert hefur verið við samtök verslunar og þjónustu og landlæknisembættið um framkvæmd lyfjaverðskannana. Þar með ætti að vera komið í veg fyrir að

ágreiningur rísi um trúverðugleika þessara kannana eins og stundum hefur gerst.

Málefni launamanna við Kárahnjúka hafa sett þó nokkurn svip á starfið – ekki síst síðustu mánuðina. Megin þunginn hefur að vísu verið á herðum þeirra landssambanda sem eiga aðild að virkjunarsamningi, en Alþýðusambandið hefur þar einnig komið nærri.

Það varð fljótt ljóst að þeir verktakar sem samið hafði verið við vegna stærstu framkvæmdanna voru ekki um of uppteknir af íslenskum lögum og kjarasamningum. Allt frá því að verktakinn fór af stað með sín verk, hafa nær öll samskipti hans við launafólk verið langt utan við þann ramma sem við getum sett okkur við.

Nýverið fór hópur á vegum miðstjórnar ASÍ upp að Kárahnjúkum til að kynna aðstæðum nánar af eigin raun. Ég ætla ekki að telja upp hverju var ábótavant. Það er þó ljóst að þarna var verið að fást við vandamál sem við afgreiddum í samskiptum okkar við atvinnurekendur og löggjafann um miðja síðustu öld eða jafnvel fyrr.

Nokkru síðar var gert samkomulag við verktakann – eftir mikla eftirgangsmuni og þrýsting – um launakjör og fyrirkomulag launagreiðslna. Jafnframt bundust aðilar fastmælum um að leita lausna - og leiða til lykta eftir ákveðnum leiðum mál sem upp kæmu í framtíðinni. Ég vona að þetta gangi eftir og vil trúa því í lengstu lög.

Við getum dregið ýmsan lærdóm af því sem þarna gerðist. Það er til dæmis ljóst í mínum huga að við verðum að skoða hvert hlutverk og vald opinberra eftirlitsaðila er í sambandi við svona starfsemi.

Þessu til viðbótar vil ég nefna tvenn lög sem staðfest voru rétt fyrir þinglok í mars. Þar er annars vegar um að ræða ný lög um ábyrgðarsjóð launa, en í þeim felst mikil réttarbót fyrir launafólk við gjaldþrot fyrirtækja. Í því sambandi má nefna að hámark ábyrgðar vegna launakrafna er hækkað. Ábyrgð á viðbótarlífeyrissparnaði er viðurkennd. Boðið er upp á aukinn sveigjanleika til að mæta hagsmunum launafólks og öll stjórnarsýsla sjóðsins er gerð skilvirkari og gagnsærri.

Hin lagasetningin sem ég tel ástæðu til að halda til haga eru nýju vinnuverndarlögin. Þau marka vonandi tímamót í löggjöf um réttindi starfsmanna varðandi aðbúnað á vinnustað og skipulag vinnunnar. Með þeim var komið til móts við helstu áherslur Alþýðusambandsins í vinnuverndarmálum og ábendingar um einstaka þætti þeirra.

Lögin fela í sér fjölmörg nýmæli og ég trúi því að þau muni verða mikilvæg í að bæta allt umhverfi vinnunnar. Lögð er áhersla á kerfisbundið og fyrirbyggjandi vinnuverndarstarf á vinnustöðunum sjálfum. Þannig ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað í samráði við fulltrúa starfsmanna.

Í báðum þessum tilvikum hafði Alþýðusambandið mikið frumkvæði og okkur tókst að hafa umtalsverð áhrif á það hvernig þessi lög litu út á endanum.

Árangur okkar í réttindamálunum hefur þó ekki verið jafn góður í öllum tilvikum. Við höfum barist fyrir því að réttindi opinberra starfsmanna verði jöfn, óháð því hvort þeir eiga aðild að stéttarfélagum opinberra starfsmanna eða eru í aðildarfélagi ASÍ. Þetta hefur strandað á stjórnvöldum, þrátt fyrir gefin fyrirheit. Hér vege mismunandi lífeyrisréttindi þyngst.

Annað mál, þar sem ríkisvaldið kys að mismuna launafólki eftir stéttarfélagsaðild, birtist í úrskurði

kærunefndar fæðingarorlofsmála. Þar er sá skilningur staðfestur að opinberir starfsmenn skuli njóta orlofs ofan á fæðingarorlof, en launamenn á almennum vinnumarkaði ekki. Hér er verk að vinna og hefur Alþýðusambandið ákveðið að láta á þetta reyna fyrir dómstólum.

Á síðasta ársfundi gerðum við Evrópumálunum þó nokkur skil. Þó svo við höfum ekki fjallað um þau mikið síðan, fylgir þátttöku okkar í erlendu samstarfi mikil og stöðug vinna. Í því sambandi er rétt að benda sérstaklega á Ráðgjafarnefnd EFTA, en þar hefur okkar fulltrúi gegnt formennsku. Í lok síðasta árs náðist samkomulag milli Evrópusamtaka launafólks og atvinnurekenda um verkefnaskrá til næstu þriggja ára þar sem ætlunin er að efna til samstarfs á Evrópuvísu um ýmsa mikilvæga málaflokka. Fyrsta verkefnið er þegar ko mið í gang, en það eru samningaviðræður um varnir gegn vinnustreitu, en viðræður hófust nú í september og stefnt að því að ljúka þeim í vor og á ASÍ fulltrúa í þeirri samninganefnd.

Jafnframt höfum við tekið þátt í Norræna og Evrópska samstarfinu með svipuðum hætti og undanfarin ár. Fulltrúar á okkar vegum sátu ILO-þingið sem frá er sagt í skýrslunni

Á síðasta ársfundi var undirritað samkomulag um samstarf við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Á árinu útfærðum við það nokkuð og settum í gang verkefni á grundvelli þess ramma sem þar er skilgreindur.

Ég hef áður vikið lítillega að fræðslumálunum. Í skýrslunni er fjallað um þær breytingar sem við gerðum á fyrirkomulagi menntamála, stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, stofnun fræðsludeildarinnar á skrifstofu ASÍ og aðskilnaði félagsmálafræðslunnar og tólmstundafræðslunnar.

Frá þessu er greint í kaflanum um fræðslumál, að því undanskildu að skýrsla um starf Mímis-símenntunar er í viðauka við skýrsluna. Ástæðan eru mistök í prentundirbúningi sem uppgötvuðust of seint til að þessi texti færi á réttan stað í skýrslunni. Ég vona að það komi ekki að sök. Í skýrslunni er sagt frá starfsemi Listasafns ASÍ og lítillega sagt frá fyrirkomulagi starfsins á skrifstofu ASÍ.

Yfirskrift þessa ársfundar er Atvinna fyrir alla – góð störf – traust réttindi. Við lítum svo á, að atvinnumálin, velferðarmálin og efnahagsmálin séu nátengd og þau beri að skoða saman. Öðru vísi náum við ekki þeirri yfirsýn sem nauðsynleg er. Það er auðvitað ekkert óeðlilegt við það að leggja á mismunandi stígum vinnunnar sérstaka áherslu á einn af þessum þáttum umfram annan – aðalatriðið er að við áttum okkur á sambandinu þar á milli og vinnum í samræmi við það.

Við tókum velferðarmálin fyrir á sínum tíma og núna erum við í miðri vegferð í atvinnumálunum. Efnahags- og kjaramálin eru síðan stöðugt og viðvarandi viðfangsefni.

Í gögnum ykkar er að finna reikninga Alþýðusambandsins og tengdra stofnana. Ég ætla ekki að fjalla um þá sérstaklega hér, en þeir hafa fengið umfjöllun hjá til þess bærum aðilum í aðdraganda ársfundarins þar með talið í miðstjórn. Þeir verða kynntir sérstaklega hér á eftir og afgreiddir.

Eins og fyrir liggur mun Halldór Björnsson, varaforseti ASÍ, láta af þeim störfum á þessum ársfundi. Ég vil nota þetta tækifæri – og áskil mér rétt til að nota einhver fleiri tækifæri síðar – til að þakka Halldóri sérstaklega fyrir vel unnin störf í þágu Alþýðusambandsins og íslenskrar verkalýðshreyfingar. Ég vona að við njótum krafta hans, þekkingar og reynslu í störfum okkar í framtíðinni þó hann láti af þessu embætti. Jafnframt þakka ég Halldóri fyrir - að vera eins og hann er – ef svo má að orði komast - í einu orði sagt

afbragðsfélagi.

Félagar,

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu í miðstjórn og félagsmönnum Alþýðusambandsins samstarfið á liðnu tímabili og jafnframt þakka frábæru starfsfólki á skrifstofu ASÍ fyrir allt það starf sem það hefur innt af hendi.